

# Auglýsing

nr. 33/1999 um ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins sem innflutningur á fiskmjöli er heimill frá.

## 1. gr.

Heimilt er að flytja inn fiskmjöl og mjöl unnið úr öðrum sjávardýrum, að undanskildum sjávarspendýrum, sem ætlað er til dýraeldis og aðrar vörur sem innihalda blöndu úr þessum afurðum frá þeim ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins sem greind eru í viðauka I<sup>1)</sup> við auglýsingu þessa. Skilyrði innflutnings eru að framleiðsla hafi farið fram í samræmi við kröfur sem settar eru í reglugerð um framleiðslu á fiskmjöli og lýsi, mjölið komi frá skráðri starfstöð sem hefur fengið viðurkenningu lögbærra yfirvalda í viðkomandi landi, og að mjölinu fylgi heilbrigðisvottorð í samræmi við viðauka II<sup>1)</sup> við auglýsingu þessa.

## 2. gr.

Auglýsing þessi er sett með stoð í lögum nr. 55/1998 um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða og staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi.

1) Viðaukar I og II eru ekki prentaðir hér.

---

Uppfært 23.03.2000